

25

6. marz

REGLUGERÐ

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd í Sauðárkróksskólahverfi.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd í Sauðárkróksskólahverfi.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndar Sauðárkróks er bannað að selja eða afhenda börnum og unglíngum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt, eða stuðla að því að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

2. gr.

Bönnuð er sala á spýtubrjóstsykri (sleikjum), svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að álit barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglíngum.

3. gr.

Engar leiksýningar eða opinberar skemmtanir, sem börnum og unglíngum er ætlaður aðgangur að, má halda, nema barnaverndarnefnd hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá, að því athuguðu, hvort börnum og unglíngum skuli leyfður aðgangur að þeim.

4. gr.

Börn innan 13 ára mega ekki vera á dansskemmtunum lengur en til kl. 12 að kvöldi. Eigendum og umsjónarmönnum slíkra fyrirtækja og þeirra húsa, sem til þeirra eru notuð, ber að sjá um, að börn fái þar ekki aðgang né hafist þar við eftir þann tíma. — Börnum innan 12 ára er bannað að vera á almannafæri eftir kl. 9 að kveldi á tímabilinu 1. okt. til 1. marz, og eftir kl. 10 á tímabilinu 1. marz til 1. maí, og eftir kl. 11 frá 1. maí til 1. okt., nema í fylgd með aðstandendum. — Börn 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 10 síðdegis á tímabilinu frá 1. okt. til 1. marz og ekki eftir kl. 11 síðdegis á tímabilinu frá 1. marz til 1. okt., nema í fylgd með aðstandendum sínum. — Foreldrum eða húsbændum barna ber, að viðlögðum sektum, að sjá um að ákvæðum þessum sé framfylgt.

5. gr.

Börn innan 14 ára aldurs mega ekki selja blöð, bækur eða merki, nema með fengnu leyfi barnaverndarnefndar.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum. Skal farið með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. marz 1940.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.